

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2019

**Efni:** Umsögn NASF á Íslandi í máli nr. S-258/2018 á 149. löggjafarþingi – um gjalddöku vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

### Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík („NASF“) er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 en stjórnarmenn eru Elvar Friðriksson kt. 111189-2349 og Gísli Sigurðsson kt. 270959-5129

NASF á Íslandi stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Norður Atlantshafslaxsjóðsins kt. 550692-2449 sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

NASF skilaði inn umsögn í máli nr. S-257/2018 á 149. löggjafarþingi - um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - og vísar í almenna umfjöllun þar um NASF og markmið sjóðsins í málum fiskeldis og verndunar laxfiska.

NASF fagnar því að loksins hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið setja af stað vinnu varðandi það að taka gjald fyrir nýtingu á auðlindum okkar Íslendinga vegna fiskeldissvæða í sjó. Það hefur vakið furðu NASF að þetta skuli ekki hafa komið fyrr. Erlendis þar sem norsku fiskeldisfyrirtækin hafa komið upp starfsemi þurfa þau að greiða háar fjárhæðir fyrir að fá að ganga á auðlindir hjá nágrannaþjóðum okkar. NASF vill taka það fram að sjóðurinn álítur að náttúra Íslands og okkar einstöku stofnar laxfiska séu ómetanlegir. Eigi að leyfa fiskeldi í opnum sjókvíum á annað borð þá skuli innheimta gjald fyrir slíka starfsemi sem standi bæði undir uppbyggingu allra innviða vegna eldisins, rannsóknnum sem það kallar á og geti borgað fyrir skaðann sem eldið getur valdið annarri atvinnustarfsemi.

Gjaldið sem á að innheimta er ekki hátt samanborið við það sem norsku fyrirtækin þurfa að greiða í sínu heimalandi. Í athugasemd NASF við mál nr. S-257/2018 er yfirferð um þau alvarlegu umhverfisáhrif sem fiskeldi hefur haft í Noregi og vísast í þá umfjöllun varðandi frekari fróðleik.<sup>1</sup> Norska ríkisstjórnin gefur ekki út leyfi til fiskeldis í dag nema svokölluð

---

<sup>1</sup> Sjá einnig: <https://amotistraumnum.is/vandamalid/hormung-i-noregi/>

*Þróunarleyfi* sem hafa umhverfisvernd að markmiði. Með öðrum orðum eru gefin leyfi fyrir lokuðum kvíum, ýmist í fjörðum landsins eða úti á rúmsjó. Staðan var orðin það slæm að það varð að grípa til þess ráðs að stöðva þá gengdarlausu mengun og slysasleppingar sem hafa einkennt norskt laxeldi síðastliðna áratugi. Í Noregi kostar leyfi per tonn í kringum NOK 120.000 (ISK 1,7 milljón) og því ljóst að það er aðlaðandi fyrir norsk fiskeldisfyrirtæki að koma hingað til lands og framleiða frjóan lax í opnum sjókvíum sem hefur hingað til verið veitt leyfi til án gjalds, eins einkennilegt og það hljómar.

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir að verið sé að innheimta gjald af þeim sem nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir:

*„Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríkið. Eftir því sem fiskeldinu vex fiskur um hrygg þarf að ræða framtíðarfyrirkomulag gjaldtöku vegna leyfisveitinga.“*

Í greinargerðinni segir svo: *„Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar felur í sér að styrkja þarf lagaumgjörð fiskeldis þannig að íslensku fiskeldi séu sköpuð bestu möguleg skilyrði til uppbyggingar og það verði þannig sterk og öflug atvinnugrein jafnframt því að stuðla að ábyrgu fiskeldi, þar sem sjálfbær þróun og vernd lífríkis er höfð að leiðarljósi á grundvelli vísinda og rannsókna“*

Eins og reifað er í umsögn NASF í máli nr. S-257/2018 þá er það með öllu óljóst hvernig þessum markmiðum verður náð og má jafnvel færa góð rök fyrir því að höfundar þessa frumvarps séu beinlínis að fara gegn vilja ríkisstjórnarinnar. Ef byggja á upp umhverfisvæna framleiðslu, byggða á vísindalegu mati til að tryggja að líffræðilegum fjölbreytileika verði ekki ógnað þá verður það ekki gert með frekari útgáfu leyfa fyrir fiskeldi í opnum sjókvíum. Í hvorugu frumvarpinu er gengið nægjanlega langt í hagrænum hvötum fyrir fyrirtæki sem stefna á umhverfisvænni framleiðslu en framleiðslu í opnum fiskeldiskvíum í sjó.

Í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er fiskeldi í lokuðum kvíum lagt að jöfnu við fiskeldi í opnum kvíum í sjó með ófrjóan fisk og regnbogasilung. Að mati NASF er hér um stórfurðulega tillögu að ræða þar sem fiskeldi með ófrjóan fisk og regnbogasilung er ekki umhverfisvæn framleiðsla. Eina sem framleiðsla á ófrjóum laxi og regnbogasilungi hefur fram yfir eldi á frjóum laxi er að hætta við erfðablöndun við villta laxastofna er ekki lengur fyrir hendi. Vissulega er það framför frá hefðbundnu fiskeldi á frjóum laxi í opnum sjókvíum en það eru fjölmörg önnur vandamál sem fylgja fiskeldi í opnum sjókvíum svo sem laxalús, úrgangur, lyfjanotkun, eiturefnanotkun, mikil afföll í framleiðslu auk þess sem fiskur sleppur iðulega. Ófrjór lax af norskum uppruna og regnbogasilungur eru framandi lífverur í íslensku landhelgi og eiga ekkert erindi í íslenskar ár. Að bera þetta saman við fiskeldi í lokuðum kvíum er því

fjarstæðukennt og ber merki um vanþekkingu frumvarpshöfunda á þeirri þróun sem er að eiga sér stað með lokuð kerfi.

Mikil og hröð þróun er í fiskeldi í lokuðum kvíum og hafa fyrirtæki eins AkvaDesign AS og Marine Harvest kynnt búnað þar sem margfalt minni líkur eru á að fiskur sleppi og innstreymi og útstreymi sjós er stjórnað. Sjó er dælt af meira en 25 metra dýpi þar sem laxalús þrífst ekki og því hefur það ekki verið vandamál í þessum kerfum. Úrgangur er síðan enduruninn og nýttur í t.d. moltu eða framleiðslu á lífdísel. Í eyrum NASF þá hljómar þessi lýsing mun meira í takt við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar Þrátt fyrir þá augljósu staðreynd að hér er búnaður sem er sjálfbærari, umhverfisvænni og líklegri til að vernda lífræðilegan fjölbreytileika þá eru höfundar frumvarpsins ekki að leggja mikið til í frumvarpinu til að hvetja fyrirtæki með vistvænni lausnir að koma til Íslands og stunda hér umhverfisvænt fiskeldi.

Eins og farið hefur verið yfir hér að ofan þá er eini munurinn á framleiðslu á frjóum laxi og ófrjóum sá að hættan á erfðalöndun við villta stofna er ekki lengur fyrir hendi. Þar af leiðandi er það eina sem fiskeldisfyrirtæki þurfa að gera til að fá 50% afslátt af auðlindagjaldinu að framleiða ófrjóan lax eða regnbogasilung. Engin krafa er gerð um að búnaðurinn haldi t.d. frá lús, endurvinni úrgang, sleppi notkun eiturefna og annarra lyfja o.s.frv. Þetta er með ólíkindum svo ekki sé meira sagt.

Ef strok eldislaxa við strendur Íslands verður með sama hætti og hefur verið að meðaltali, skv. tilkynntum sleppingum í Noregi, þá gæti fjöldi laxa sem sleppur hér numið allt að 56.000 löxum m.v. 70.000 tonna ársframleiðslu. Það er meira en nemur öllum veiddum villtum laxi á Íslandi. En ef strok verður sambærilegt og í Skotlandi verða strokulaxar margfalt fleiri en allir veiddir villtir laxar úr náttúrlegum íslenskum stofnum.

Ef gengið er út frá þeirri viðmiðunað slysasleppingar verði sambærilegar hér og í Noregi þá þurfa norsku fiskeldisfyrirtækin að greiða rúman 1 milljarð króna á ári til íslenska ríkissins fyrir það að fá að menga íslenska firði með skelfilegum afleiðingum fyrir lífríkið. Gera má ráð fyrir að 56.000 frjóir norskir laxar hið minnsta syndi hér upp í allar ár og hrygni með íslenska hrygningarstofninum sem telur einmitt 50-60 þúsund villta laxa. Það vekur því varla furðu að andstæðingar fiskeldis í opnum kvíum séu uggandi yfir þessum áformum og ekki hjálpar til ef löggjafinn ætlar greiða leið þessara fyrirtækja.

NASF hvetur höfunda þessa frumvarps að endurskoða það með ofangreint fyrir augum. Miklægt er að viðurkenna þá miklu þróun sem er að eiga sér stað með lokaðar kvíar í sjó. Ef markmiðið er að byggja hér upp sterkan fiskeldisiðnað sem þjóðin getur verið stollt af, með sjálfbærni að leiðarljósi, þá verður að breyta þessu frumvarpi að öðrum kosti fyllast hér allir firðir af mengandi opnum fiskeldiskvíum í sjó sem gæti þýtt endalok íslenskra laxfiska. NASF leggur því til að fiskeldi í lokuðum sjókvíum verði undanþegið auðlindagjaldi og að gengið

verði enn lengra til að aðstoða fyrirtæki sem stefna að umhverfisvænu fiskeldi að starfa hér um ókomna tíð.

NASF hefur staðið fyrir áttakinu #ÁmótiStraumnum þar sem almenningur hefur skrifað undir áskorun til Alþingi Íslendinga. Þegar þessi orð eru rituð hafa 2.679 manns skrifað undir áskorun til Alþings að marka sér stefnu um sjálfbært fiskeldi sem verður með hagrænum hvötum. Á heimasíðunni <https://amotistraumnum.is/> er að finna fróðleik um alvarleg umhverfisáhrif sem fiskeldi í opnum kvíum hefur valdið í öðrum löndum og helstu vandmál sem fylgja þessum framleiðsluháttum ásamt tilvísunum í niðurstöður nýlegra rannsókna sem birst hafa í ritrýndum vísindaritum og staðfesta allt það sem þar og hér er sagt.. NASF hvetur löggjafann og starfsmenn sjávarútvegsráðuneytisins sem vinna að þessu frumvarpi að kynna sér vel það ritrýnda efni sem þar er að finna.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd NASF á Íslandi.



---

Friðleifur Egill Guðmundsson  
Formaður NASF á Íslandi